

## 6.bekkur – Áætlun í íslensku vorönn 2020

### Helstu bækur og námsefni:

- Málrækt 1
- Málfræðibókin mín 1. og 2. hefti.
- Vanda málið – Ekki málið lesbók 1: Heildstætt námsefni í íslensku
- Vanda málið – Ekki málið vinnubók 1: Heildstætt námsefni í íslensku
- Mál í mótun – grunnbók og vinnubók: stafsetning og ritun
- Trunt, trunt og tröllin í fjöllunum
- Ýmsar lestrarbækur og sögur

PEMA VORANNAR ER MÁLFRÆÐI OG RITUN	Vika	Viðfangsefni	Fastar dagsetningar
	18.-21. feb.	Stafsetning – upprifjun – ýmsar reglur Trunt, trunt og tröllin í fjöllunum Málrækt 1 <b>Lestur – hlustun - samlestur</b>	21. Foreldraviðtöl
	24. – 28. feb.	Málfræðibókin mín 1 bls. 1 – 7 Stafsetning bls. 34 – 37 Trunt, trunt og tröllin í fjöllunum Ýmsar bækur og verkefni <b>Lestur – hlustun - samlestur</b>	24. Bolludagur 25. Sprengidagur 26. Öskudagur
	2. – 6. mars	Málfræðibókin mín 1 bls. 8 - 13 Stafsetning bls. 38 - 41 Trunt, trunt og tröllin í fjöllunum Ýmsar bækur og verkefni <b>Lestur – hlustun - samlestur</b>	
	9. – 13. mars	Málfræðibókin mín 1 bls. 14 -19 Stafsetning bls. 42 - 47 Trunt, trunt og tröllin í fjöllunum Ýmsar bækur og verkefni <b>Lestur – hlustun - samlestur</b>	
	16. – 20. mars	Málfræðibókin mín 1 bls. 20 - 25 Stafsetning bls. 48 - 51 Trunt, trunt og tröllin í fjöllunum Ýmsar bækur og verkefni <b>Lestur – hlustun - samlestur</b>	
	23. -27. mars	Málfræðibókin mín 1 bls. 26 - 29 Stafsetning bls. 52 - 55 Trunt, trunt og tröllin í fjöllunum Ýmsar bækur og verkefni	

	<b>Lestur – hlustun - samlestur</b>	
30. – 3. apríl	Málfræðibókin mín 1 bls. Ljúka bókinni Stafsetning bls. 56 - 61 Trunt, trunt og tröllin í fjöllumum Ýmsar bækur og verkefni <b>Lestur – hlustun - samlestur</b>	
6. – 10. apríl	Páskafrí	
13.- 17. apríl	Málfræðibókin mín 2 bls. 1 - 10 Ritun – ritgerðasmíð Ýmsar bækur og verkefni <b>Lestur – hlustun - samlestur</b>	13. apríl Annar í páskum
20. – 24. apríl	<b>Lestur – hlustun - samlestur</b>	20. apríl Þema 21. apríl Þema 22. apríl Þema /vorhátíð 23. Sumardagurinn fyrsti 24. Annarleyfi
27. – 01. maí	Málfræðibókin mín 2 bls. 11 - 18 Ritun – ritgerðasmíð Ýmsar bækur og verkefni <b>Lestur – hlustun - samlestur</b>	30. apríl Vortónleikar kórsins 01. maí Frídagur verkamanna
04. – 08. maí	Málfræðibókin mín 2 bls. 19 - 25 Ritun – ritgerðasmíð Ýmsar bækur og verkefni <b>Lestur – hlustun - samlestur</b>	
11. – 15. Maí	Málfræðibókin mín 2 bls. 26 - 31 Ritun og upplestur Ýmsar bækur og verkefni <b>Lestur – hlustun - samlestur</b>	
18. – 22. maí	<b>Lestur – hlustun - samlestur</b>	18. maí Vordagar 19. maí Vordagar 20. maí Vordagar 21. maí Uppstigningardagur 22. maí Starfsdagur/ Skólaslit

## Námsmat

Leiðsagnarmat er lagt til grundvallar við námsmat. Lokaeinkunn samanstendur af:

Könnun í stafsetningu: 10%

Samvinnuþróf úr Vanda málið: 20%

Stöðumat við annarlok: 30%

Skapandi skrif: 30%

Virkni og metnaður: 10%

## **Hæfniviðið samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla**

### **Nemendur geti:**

#### **Talað mál, hlustun og áhorf**

- tjáð sig skýrt og áheyrilega fyrir framan hóp og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar
- sagt frá atburðum og/eða upplifunum fyrir framan hóp
- hlustað með athygli á upplestur, frásagnir og fyrirmæli
- beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum

#### **Lestur og bókmenntir**

- nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orða út frá samhengi
- greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sögusviði, boðskap, aðal- og aukapersónum
- lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað
- nefnt nokkrur hugtök til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjanda, boðskap og myndmál
- greint og fjallað um aðalatriði í texta

#### **Ritun**

- skrifað skýrt og læsilega
- beitt stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn
- gert sér grein fyrir uppbyggingu texta svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi
- skrifað texta í tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu
- samið texta og tjáð eigin hugmyndir og reynslu

#### **Málfræði**

- búið til málsgreinar og gert sér grein fyrir uppbyggingu texta
- raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag
- beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi með góðum orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska
  - áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, nafnorð og lýsingarorð og hafi góð tækni á að greina texta í þessa flokka

### **Öll vinna er skipulögð með grunnþætti menntunar að leiðarljósi:**

Áhersla lögð á að nemendur nái góðu valdi á læsi í víðum skilningi. Læsi er hæfni sem skiptir höfuð máli í námi og starfi. Unnið er með fjölbreytt efni á ýmsum formum til að efla færni nemenda. Stuðlað er að sjálfbærni og sköpun með því að vekja áhuga nemenda á að varðveita íslenskt mál og styrkja þá í gagnrýnni hugsun í skapandi umhverfi. Nemendur eru

hvattir til að tjá sig og tekið er mið af skoðunum þeirra, þörfum, áhuga, styrkleikum og veikleikum. Markmiðið er að efla lýðræði og jafnrétti auk þess að stuðla að mannréttindum. Með því að hvetja til kurteisi, ábyrgðar og samvinnu er heilbrigði og velferð nemenda einnig höfð að leiðarljósi.